

FLE

fyrirhugaðar breyting á lögum nr. 3/2006 um
ársreikninga

Helga Harðardóttir

- Frumvarpið var lagt fram í desember s.l. og skiptist í 11 kafla og stendur til að það verði afgreitt nú á vorþingi.
 - Kafli 1 snýr að breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga
- Þær tillögur sem lagðar eru fram í frumvarpinu eru þrenns konar;
 - Breytingarnar eru afleiðingar af breyttum lögum um endurskoðendur sem settar voru á síðasta þingi en samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina.
 - Breytingar til skýringar á starfsrækslugjaldmiðli.
 - Breytingar vegna innleiðingar ákvæða Evróputilskipana ofl.

- Fyrri lög um endurskoðendur heimiluðu skoðunarmönnum að endurskoða í samræmi við góða endurskoðunarvenju og árita reikninginn fyrir félög sem voru undir tiltekinni stærð.
- 8. tilskipunin gerði kröfu um að þeir sem annast lögboðna endurskoðun fjárhagsupplýsinga séu sérfræðingar á sviði endurskoðunar og reikningsskila sem fengið hafa tilskilin réttindi.
 - Kröfur sem gerðar voru til skoðunarmanns voru að hann skyldi hafa reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum.
 - Enginn greinarmunur var gerður á skyldum endurskoðanda og skoðunarmanns.
- **Því var nauðsynlegt í ljósi megintilgangs 8. félagatilskipunarinnar og nýrra laga um endurskoðendur að fella hugtakið skoðunarmaður út úr lögum um ársreikninga.**

- Óverulegar breytingar voru gerðar á fjárhæðum í 1. gr. laganna þar sem eignarmörkin fóru úr 230 m.kr. í 250 m.kr. og rekstrartekjur fóru í 500 m.kr. úr 460 m.kr.
- Rýmkuð lög varðandi framsetningu ársreiknings á ensku eða dönsku.
- Felld verða út skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til að fá heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendri mynt. Ársreikningaskrá veitir heimild ef annar gjaldmiðill en ísl.kr. er starfrækslugjaldmiðill.
 - Athugasemd álitsnefndar; “Félag skal tilkynna ársreikningaskrá um færslu bókhalds....”

- Góðir stjórnarhættir hjá félögum sem eru með skráð verðbréf, ný grein nr. 66 c.
 - Félög skulu árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum og skal eftirfarandi koma fram;
 - Tilvísanir í reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum
 - Lýsing á helstu þáttum **innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi í tengslum við samningu reikningsskila**
 - Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra
- Hér er væntanlega verið að vísa í leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2002 en þar segir m.a. að “Með fullnægjandi innra eftirliti og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum aukast líkur á að starfsemi og fjárhagsstaða þeirra séu í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum viðskiptamanna.”
- Fyrirmyndin er sótt til BASEL-reglna.

- Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að 98. greinin breytist þannig að félögum sem ekki fara fram úr tvennum af eftirfarandi tvö ár í röð, er ekki skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til að endurskoða ársreikninga sína (með smá undantekningum þó);
 - eignir nema 150 m.kr.
 - rekstrartekjur nema 300 m.kr.
 - fjöldi ársverka á reikningsskilaári er 50
- Athugasemd álitsnefndar FLE er að fjöldi ársverka sé ekki í samræmi við 1. gr. og leggur til að miðað er við 30 starfsmenn.

- Upplýsingar teknar úr blaði Frjálsrar verslunar 2008 yfir 300 stærstu félögin á árinu 2007.

Röð félaga;	Velta í mkr.	Heildar- eignir	Fjöldi stm
250	533	423	13
260	477	109	
270	397		16
280	343	308	18
290	282	112	32
300	198	71	34

“Bold” tölur uppfylla skilyrði un undanþágu endurskoðunar. Hér er einnig miðað við að fjöldi starfsmanna verði 30 en ekki 50 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu

- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áritun endurskoðenda skuli a.m.k. innihalda;
 - inngang
 - lýsingu á umfangi endurskoðunar
 - álit endurskoðenda
 - tilvísun til mála sem endurskoðendur vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara
 - álit um það hvort skýrsla stjórnar hefur að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita
 - **Álitsnefnd hefur gert athugasemd og telur eðlilegt að vísa í löggin um endurskoðendur þar sem eru skýr ákvæði en þar stendur að áritunin skuli vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.**

Í árslok 2008 tóku í gildi breytingar á lögum um ársreikninga. Þar var bætt við kafla um endurskoðunarnefndir. Í lögum segir að allar einingar tengdar almannahagsmunum skulu hafa endurskoðunarnefnd. Skilgreiningin á einingum tengdum almannahagsmunum er:

- Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- Lífeyrirssjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994 um tryggingastarfsemi.